

## LÖG

## um breytingu á lögum nr. 32/1991, um Héraðsskóga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir kostnað við Héraðsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrar-kostnað verkefnisins, laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur 97% samþykkt kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð, svo og á þeim eyðijörðum sem að mati Skógræktar ríkisins er nauðsynlegt frá skógræktarlegu sjónarmiði og frá hagsmunum skógræktar á að-lægum jörðum að fylgi þeim í ræktun. Á öðrum eyðijörðum greiðir ríkissjóður 75% kostn-aðar. Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktarkostnað að fengnum tillögum Skóg-ræktar ríkisins.

## 2. gr.

Lög þessi öðlaðst þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1994.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

## um slysavarnaráð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Stofna skal slysavarnaráð sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Landlæknisembættið skal hafa með hendi daglega framkvæmdastjórn ráðsins.

## 2. gr.

Tilgangur slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Þeim tilgangi skal ráðið ná með því að:

- a. móta reglur sem miða að því að slys séu skilmerkilega skráð og sú skráning sé sam-ræmd, jafnframt því sem séð verði um úrvinnslu þeirra upplýsinga og útgáfu á slysatöl-um,
- b. vera ríkisstjórn, ráðherra og öðrum aðilum til ráðuneytis um allt er lýtur að slysavörn-um,